

Þingsályktun

um vestnorrænt samstarf um listamannagistingu.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna möguleika á samstarfi við Færeyjar og Grænland um að gefa listamanni frá einu af vestnorrænu löndunum árlega kost á gistingu í öðru vestnorrænu landi. Tilgangurinn væri sá að gera vestnorrænum listamanni eða rithöfundum kleift að dvelja um skeið í öðru vestnorrænu landi og njóta innblásturs frá náttúru og menningu þess lands í listsköpun sinni.

Samþykkt á Alþingi 23. febrúar 2012.

